

Reglur Vesturbyggðar um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.

Skilgreiningar

Hámarksupphæð foreldragreiðslna er kr. 32,070,- á mánuði fyrir hvert barn foreldra í sambúð og kr. 45.310,- til einstæðra foreldra. Greiðslur miðast við áður samþykktar niðurgreiðslur til dagforeldra, enda sé þeim ætlað brúa það tímabil sem ekki fæst vistun fyrir barn hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Skilyrði niðurgreiðslna hjá öðrum en dagforeldrum

2. gr

Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Vesturbyggð.

Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggi umsókn um leikskólapláss í Vesturbyggð.

Foreldragreiðslur standa eingöngu þeim foreldrum til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.

Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn einstæðra foreldra hefur náð sex mánaða aldri og barn foreldra í hjúskap eða í sambúð hefur náð níu mánaða aldri.

Foreldragreiðsla fellur niður þegar barn verður fjórtán mánaða gamalt eða þegar það hefur leikskólagöngu að undangengnum áðurnefndum skilyrðum.

Foreldrum ber að tilkynna til félagsþjónustu þegar barn þeirra hefur verið tekið inn á leikskólann.

Afgreiðsla

3. gr.

Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði. Hægt er að sækja um rafrænt í íbúagátt á heimasíðu Vesturbyggðar (www.vesturbyggd.is). Móttaka umsókna og afgreiðsla er hjá Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu.

Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.

Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar. Foreldragreiðslur eru greiddar eftirá einn mánuð í senn.

Útborgun foreldragreiðslu er þriðja (3) virka dag hvers mánaðar.

Viðurlög
4. gr.

Verði um ofgreiðslu að ræða á foreldragreiðslum áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði 26.5.2015 og staðfestar af bærarstjórn 24.6.2015. Endurskoðaðar af bærarstjórn þann 26.8.2015.

Viðauki:

Gjaldskrá Vesturbyggðar 2020

Dagforeldrar - niðurgreiðslur	eining	2020
Foreldrar í sambúð/hjónabandi		
8 tímar	á mánuði	32.070 kr.
6 tímar	á mánuði	24.060 kr.
4 tímar	á mánuði	16.035 kr.
Einstæðir foreldrar, öryrkjar, foreldrar báðir í námi		
8 tímar	á mánuði	45.310 kr.
6 tímar	á mánuði	34.010 kr.
4 tímar	á mánuði	22.710 kr.